Reykjavík, 4. september 2020
Fundargerð 204. fundar

Tilvísun: 2001005

Föstudaginn 4. september var haldinn 204. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 09:30.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ásgerður Halldórsdóttir og Ármann Kr. Ólafsson.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Undir liðum 1 til 5, verkefnum á grundvelli almannavarna, sátu fundinn Þóra K. Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu (LRH), og Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlögregluþjónn LRH.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.
Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Síðustu tölur

Í dag eru 96 í einangrun, þar af 62 (65%) á höfuðborgarsvæðinu. Fólki í sóttkví hefur fækkað aðeins milli vikna og eru nú 612, þar af 488 (80%) á höfuðborgarsvæðinu. Umtalsverð fækkun í sóttkví á höfuðborgarsvæðinu frá því á miðvikudaginn 26. ágúst eða um 345 einstaklinga.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Auglýsing heilbrigðisráðherra, minnisblað sóttvarnalæknis

Sóttvarnalæknir hefur lagt fyrir heilbrigðisráðherra tillögu um breytingar á takmörkunum á samkomum vegna farsóttar þess efnis að með nýrri reglugerð miðist nálægðartakmörkun við einn metra í stað tveggja og fjöldatakmarkanir við 200 manns í stað 100.

Einnig að fjöldatakmarkanir í sundlaugar og líkamsræktarstöðvar miðist við 75% af leyfilegum heildarfjölda en í dag er miðað við 50%. Sóttvarnalæknir lagði til að næsta auglýsing tæki gildi mánudaginn 7. september.

Eftirfarandi lagt fram:

- Auglýsing um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar. Reglugerð nr. 864, dags. 3. september 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tilslakanir á samkomutakmörkunum innanlands vegna COVID-19 eftir 10. september 2020, dags. 2. september 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Ráðstafanir neyðarstjórna og sveitarfélaga

Neyðarstjórnir sveitarfélaganna hafa fundað reglulega og samstarf sveitarfélaganna og AHS verið mikið á ýmsum sviðum og samráðshópar í gangi. Mest áhersla hefur verið á skóla-, íþrótta- og menningarmál. Auk þessa hafa fulltrúar AHS og sveitarfélaganna verið í samráðshópum með almannavörnum ríkisins og viðkomandi ráðuneytum. Rætt um skólamálin og viðbrögð í skólum þar sem upp hafa komið smit, en skólastarf er nú að hefjast þessa dagana.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Ráðstafanir LRH

Halla Bergþóra lögreglustjóri og Ásgeir Þór yfirlögregluþjónn fóru yfir ráðstafanir og verkefni LRH, bæði hvað varðar innra starf LRH og verkefni úti í samfélaginu.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Ráðstafanir SHS

Slökkviliðsstjóri fór yfir ráðstafanir og verkefni SHS. SHS hefur farið í um 266 Covid-19 flutninga frá 15. júní í ár.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Óleyfisbúseta

Slökkviliðsstjóri fór yfir þátttöku í verkefni sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) stýrir og fjallar um óleyfisbúsetu. Í verkefninu taka einnig þátt aðilar frá Þjóðskrá og ASÍ.

Eftirfarandi lagt fram:

- Afmörkun/umfang verkefnis um óleyfisbúsetu frá HMS, dags. 24. ágúst 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 10:00.

Næsti fundur verður föstudaginn 11. september.

Fylgiskjöl:

AHS:

- Auglýsing um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar. Reglugerð nr. 864,dags. 3. september 2020
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tilslakanir á samkomutakmörkunum innanlands vegna COVID-19 eftir 10. september 2020, dags. 2. september 2020.

SHS:

- Afmörkun / umfang verkefnis um óleyfisbúsetu frá HMS, dags. 24. ágúst 2020.

Dagur B. Eggertsson

Rósa Guðbjartsdóttir

Gunnar Einarsson

Ásgerður Halldórsdóttir

Haraldur Sverrisson

Ármann Kr. Ólafsson